

Ágætu lesendur

Þegar ég skrifaði síðast línur á þessum vettvangi þá endaði ég skrifin verðlagsmál á þessa leið. „Niðurstaða þarf að fást í umræðu um verðbreytingar sem allra fyrst, annað er óviðunandi og stefnir öllum okkar rekstri í óvissu“.

Í millitíðinni gerðist það að niðurstaða komst í þessi mál. Verðlagsnefnd bývöru lauk störfum 15. okt. sl. og komst að þeirri sameiginlegu niðurstöðu að verð úti á markaði þ.e. heildsöluverð mjólkurafurða sem nefndin verðleggur skuli hækka um 10,39 % frá og með 1. nóvember nk.

Mikilvægt er að þessi niðurstaða nefndarinnar var sameiginleg þ.e. allir nefndarmenn sjö talsins stóðu að henni athugasemdalaust. Þetta er mikilvægt vegna þess að ef svo hefði ekki verið er líklegt að ákvörðunin hefði vakið tortryggni og umtal, sem ekki varð. Er ástæða til að þakka formanni nefndarinnar Ólafi Friðrikssyni lipra og einarða framgöngu í málinu öllu.

Verðlagning sem þessi er ekki einfalt mál. Taka þarf tillit til margra þátta og þegar að ákvörðun kom, var samfélagið komið á annan endann, sem ekki gerði ákvörðunina léttari.

Nú hefur þessari óvissu verið eytt, mikilvægt er að á næstunni verði vextir lækkaðir og allri óvissu um gengismál og gjaldeyrismál verði eytt. Ef þetta gerist ekki verður staðan hjá okkur öllum mjög erfið. Á þeim erfiðu tímum sem nú ríða yfir, er mikilvægt að þjóðin sýni samstöðu á öllum sviðum.



Forseti Íslands hr. Ólafur Ragnar Grímsson hefur gengið fram fyrir skjöldu og ferðast um og heimsótt fyrirtæki og stofnanir. Mánudaginn 13. okt. sl. óskaði hann eftir að heimsækja Mjólkursamsöluna, og komu forsetahjónin í heimsókn þriðjudaginn 14. okt. sl. Forsetinn hélt ræðu í matsal fyrirtækisins og svaraði síðan fyrirspurnum. Stóð fundurinn í tæpan klukkutíma. Það er skoðun mín að vel hafi tekist til og þeim tilgangi náð sem lagt var upp með, þ.e. að skýra þá stöðu sem samfélagið er í og eins að reyna að horfa til framtíðar. Forsetinn hefur farið víða og rætt við fólk bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni, miðað við þá stöðu sem þjóðarbúskapurinn er í er ekki vanþörf á þessu.

Eins hefur komið fram sú hugmynd að settur verði upp vefur þar sem settar

verði fram jákvæðar fréttir. Fyrirtæki eins og Mjólkursamsalan verða eins og aðrir í þjóðfélaginu fyrir barðinu á þessu ástandi, á það sérstaklega við um innflutninginn okkar þar sem erfitt er að fá gjaldeyrisyfirfærslur, en vonandi lagast það fljótt. Fróðlegt er að fylgjast með viðbrögðum erlendra birgja, virðist þar skiptast nokkuð í tvö horn. Hluti þess hóps virðist þrátt fyrir áratuga hnökralaus viðskipti, fara á taugum vegna fréttu í erlendum fjölmiðlum. Aðrir setja sig í samband við okkur og spyrja hvað þeir geti gert til að liðka fyrir, þetta er athyglisvert.

Kveðja,
Magnús

Lífsgæði mjólkurkúa

Það er gott til þess að vita að víða úti í heimi er aukin áhersla á lífsgæði búfjár (Animal Welfare). Þannig er í gangi víðtækt samstarf 45 landbúnaðar- og dýralækna-háskóla og matvælastofnana í 14 löndum í Evrópu og 4 löndum í Suður-Ameríku <http://www.welfarequality.net>. Þar er meðal annars verið að þróa kerfi til þess að meta vellíðan dýra sem haldin eru til matvælaframleiðslu og laga það að gæðastýringu í matvælaframleiðslu.



Nýlega hefur Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri bæst í samstarfs-hópinn.

Samtímis eru Alþjóða mjólkuriðnaðarsamtökin IDF að vinna að endanlegri gerð leiðbeininga um hvernig megi tryggja lífsgæði dýra sem haldin eru til mjólkurframleiðslu.

Þrátt fyrir umræðu um hátt matvælaferð er krafa neytenda að ekki sé aðeins gætt ýtrasta hreinlætis og öryggis í vinnslu afurðanna, heldur láta þeir sig varða umhirðu og líðan framleiðsludýranna. Sem betur fer er það svo að aukin vellíðan bætir gæði framleiðslunnar og eykur hana upp að vissu marki. Það á til dæmis við um betra heilsufar. Júgur-bólga, fótamein og meltingasjúkdómar draga úr nyt og rýra mjólkur-gæði, en það hefur ekki verið eins mikill skilningur á því að allur aðbúnaður skiptir máli. Búfjárhaldið bætir oft velferðina vegna þess að dýrin fá húsaskjól og fóður, þau eru varin fyrir rándýrum og veitt umönnun ef þau veikjast eða slasast. Þessa þætti má svo oft á tíðum bæta enn meira, en þar þarf að vera á varðbergi vegna þess að ekki er víst að bóndinn sjái hag sínum betur borgið með því að hafa stíurnar stærri, básana hreina og undirlagið mjúkt. Það er heldur ekki víst að nytin sé í hámarki þó að dýrunum líði eins vel og best verður á kosið, það getur verið að hægt sé að auka hagkvæmni framleiðslunnar með því að ganga á vellíðan dýranna. Kúabændur þekkja að frumutalan hækkar og nytin minnkar þegar kýrnar eru úti á sumrin. Samt eru þeir ekki í vafa um að kúnum líður betur þegar þær fá að fara út.

Tilgangurinn með því að mæla vellíðan dýranna er að finna hvenær hagkvæmni framleiðslunnar og velferð dýranna er sem mest.

Hvernig má tryggja lífsgæði kúnna

Grundvallaratriði er að tryggja kýrnar gagnvart

- þorsta, hungri og sveltis
- óþægindum

- sársauka, meiðslum og veikindum
- ótta
- og að atferli þeirra geti verið eins eðlilegt og framast er kostur

Velferð dýrs lýsir sér í vellíðan þess. Dýrin eiga að lifa í ásættanlegu jafnvægi við umhverfi sitt og eiga að geta fullnægt líkamlegum þörfum sínum og lifa við eðlilegt atferli við heilbrigðar aðstæður án þess að verða fyrir ónauðsynlegum sársauka og streitu.

Það getur verið hollt hverjum kúabónda að velta fyrir sér hvernig kúnum hans líður. Þegar líður á sumarið getur verið gott að huga að því hvort hlutirnir voru í nógu góðu lagi í fjósinu síðast liðinn vetur. Hvernig er aðstaðan hjá kálfunum? Eru stíurnar þurrar? Er nógu rúmt á kálfunum? Það vill oft gleymast að kálfarnir vaxa og að vori eru kálfarnir orðnir að kvígum sem hafa stækkað umtalsvert yfir veturinn. Stíur sem virtust vera rúmgóðar að hausti eru orðnar of litlar að vori. Vandamálin leyndu þá á sér. Pasturslitlar kvígur dragast aftur úr í þroska, vegna þess að þær eru afétnar, eða tanntaka truflar átgetuna um tíma og þær þurfa lengri tíma til að éta. Það eru jafnvel nýleg fjós þar sem ekki er gert ráð fyrir leguþlássi í uppeldisstífunum. Það er kannski kominn tími til að bæta uppeldisaðstöðuna. Velta fyrir sér hvað þarf til þess að kálfum og kvígum líði vel og láta hana góða aðstöðu fyrir ungvíðið. Lengi býr að fyrstu gerð. Ungvíðið þarf að byggja upp vöðvana og til þess þarf það að geta hreyft sig og sprett úr spori og leikið sér. Það þarf líka að vera góður aðgangur að góðu fersku fóðri og vatni.

Kýr eru mjög misstórar á bæjum. Það er oftast en ekki vegna þess að á sumum bæjum er lögð meiri alúð við fóðrun kálfanna en annarsstaðar. Ég nota oft sem dæmi að karlar nú á dögum eru höfði hærri en karlar voru á 19. öldinni. Það er ekki vegna þess að við höfum verið ræktaðir markvisst m.t.t. stærðar. Það er eingöngu vegna þess að við fengum betra atlæti í bernsku en forfeður okkar.

Ég hef tekið eftir því að dýralæknar og ráðunautar víða um lönd, ekki bara á Íslandi undrast hvað bændur eru kærulausir um uppeldi kálfanna sinna. Það er eins og þeir geri sér ekki grein fyrir því að það er á þeirra ábyrgð að koma á legg tækinu sem á að standa undir afkomu þeirra í framtíðinni, þ.e. mjólkurkúnni. Ég held þeim brigði í brún ef þeir kæmst að því að nýja dráttarvélin sem þeir fengu í vor væri gerð úr 3. flokks málm. Því miður er þetta nokkuð sambærilegt. Það eru alltof margar mjólkurkýr sem hafa fengið 3. flokks uppeldi. Það er kastað til hendi við eldi kálfanna. Aðbúnaður þeirra er oft vondur, þeir eru í trekk og raka.

Hvað er mikilvægt á haustin?

Það sem liggur fyrir þegar haustið nálgast er að hafa í huga að nýbornu kvígurnar eru aftast í goggunarröðinni þannig að ef ekki er nægilegt rými við grænófóðurbeitina geta þær lent í því að aféfast, þær komast ekki, eða þora ekki að beitinni. Á því þarf að finna lausn, hvort

Bændakynning

Nafn:

Guðný Heiðbjört Jakobsdóttir, 38 ára.

Bú:

Syðri-Knarrartunga, Breiðuvík, Snæfellsbæ, legg inn í MS Reykjavík.

Heimilishagir:

Ektamaður minn er Guðjón Jóhannesson og eigum við 4 börn, Gunnhildi, 24 ára, nema í New York, Brynjar Gauta, 16 ára, nema í Fjölbraut í Grundarfirði, Kolbrúna Höllu, 15 ára, nema í Lýsuhólsskóla og loks örverpið Jóhönnu Magneu 5 ára, leikskólanema í Lýsuhólsskóla.

Búskapur:

Mjólkurframleiðsla og svo á eiginmaðurinn um 40 kindur.

Hvenær hófstu búskap?

Vinnuhjú hjá foreldum mínum frá 1993, tókum svo reksturinn á leigu 1996 og keyptum loks slótið 2000.

Hvað hefur breyst mest frá því að þú byrjaðir búskap?

Hófum búskap í 24 bása fjósi með rörmjaltakerfi, í dag erum við með legubásafjós fyrir

53 kýr með tandemmjaltabási. Höfum þrefaldað mjólkurframleiðslu búans síðan við tókum við árið 1996. Einnig hafa traktorar og tæki stækkað umtalsvert.

Hver eru sóknarfærin í búskapnum í dag?

Miðað við ástand mála, þá eru nú sennilega aðalsóknarfærin hér heima á Fróni, því þegar að skóinn krepur að líkt og nú, þá eru það innlendar matvörur sem að standa alltaf fyrir sínu.

Hvar krepur skórin í búskapnum?

Í dag eru það klárlega vaxtagjöld og hækkanir á aðföngum sem að íþyngja íslenskum landbúnaði hvað mest. Fyrir bændur sem að hafa staðið í framkvæmdum undanfarin ár, þá eru þetta miklir óvissuþimar og alveg ljóst að einhverjir munu ekki standa þennan storminn af sér, því miður.

Framtíðaráform þín:

Stefni ótrauð áfram landbúnaðarveginn, mér og mínum til hagsældar.

Góð ráð til MS og Auðhumlu:

Mikilvægt er að MS og Auðhumla gleymi ekki því hlutverki sínu að vera landsbyggðafyrirtæki,



og að starfsemi þess skiptir miklu fyrir mörg byggðalög. Ég hvet stjórn Auðhumlu til að gefa sem fyrst út áætlað verð fyrir umframmjólk á þessu verðlagsári, því ég tel að menn muni jafnvel draga úr framleiðslu ef útflutningsverðið verður ekki hærra en í sumar.

sem hún er fólgin í því að beita þeim sér eða hreinlega að taka þær inn fyrr en fullorðnu kýrnar. Þá getur verið ráð að athuga hvort í þeim hópi séu einnig einhverjar pasturslittlar kýr sem ættu að vera með kvígumum.

Sumir bændur láta veturgömlu kvígunnar vera úti langt fram eftir hausti. Í sjálfu sér getur það verið í lagi ef tryggt er að þær komist í gott skjól, fái nægilegt fóður, hafi aðgang að fersku vatni og fylgst er með þeim. Þó að þetta sé í lagi gleymist oft mjög veigamikilið atriði. Þegar líður á haustið þrengist oft svæðið sem kvígunnar eru á, jafn vel þó að þær séu á stóru opnu svæði. Hættan á ormasmiti margfaldast við þessar aðstæður og þó að það ætti að vera föst regla að gefa öllum

kvígum inn ormalyf þegar þær eru teknar inn er alltof algengt að það sé ekki gert. Það eru dæmi þess að kvígur sem voru farnar að sýna greinileg beiðsli úti eru með óvirka eggjastokka þegar farið er að huga að sæðingum, eða þær halda ekki vegna þess að ormasmitið gengur svo nærri þeim að þær fóðrast ekki. Þegar svo er komið er ekki víst að nóg sé að gefa ormalyf einu sinni, það getur þurft að endurtaka það. Það þarf að bæta fóðrunina til þess að koma kynstarfsemi í lag og það er vísast að þessar kvígur verði aldrei þær arðsömu kýr sem þeim var ætlað að vera.

Þorsteinn Ólafsson, dýralæknir

Samanburður á frumutölu árin 2008 og 2007 hjá innleggjendum MS



Samanburður á líftölu árin 2008 og 2007 hjá innleggjendum MS



Innvigtun mjólkur á landinu eftir vikum



Útgefandi Auðhumla og MS

Ábyrgðarmaður:
Magnús Ólafsson

Ritstjóri:
Bjarni Ragnar Brynjólfsson, bjarni@sam.is

Ekki er leyfilegt að vitna í Sveitapóst Auðhumla og MS á opnum vettvangi.

Upplýsingar um rekstur félagsins og önnur skyld efni má nálgast hjá forstjóra, Magnúsi Ólafssyni, í síma 569 2200.

Sala á mjólkurvörum í september 2008

September	Sala þús. 2007	Sala þús. 2008	Mism. þús kr.	Mism. %	Sala ltr/kg 2007	Sala ltr/kg 2008	Mism. ltr/kg	%
1. Ferskvörur	539.304	678.208	138.904	25,8%	3.957.658	4.284.849	327.191	8,27%
2. Ostar og smjörvörur	384.738	543.036	158.298	41,1%	604.254	671.697	67.443	11,16%
Samtals:	924.042	1.221.244	297.202	32,2%				

Jan.-sept.	Sala þús. 2007	Sala þús. 2008	Mism. þús kr.	Mism. %	Sala ltr/kg 2007	Sala ltr/kg 2008	Mism. ltr/kg	%
1. Ferskvörur	5.122.420	5.837.623	715.203	14,0%	37.402.047	37.920.098	518.051	1,39%
2. Ostar og smjörvörur	3.709.445	4.466.160	756.715	20,4%	5.537.882	5.783.946	246.064	4,44%
Samtals:	8.831.865	10.303.783	1.471.918	16,7%				

Innvigtun og nýting greiðslumarks á verðlagsárinu 2008-2009

Landið september:	2008-2009	2007-2008	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	9.727.043	8.637.487	1.089.556	12,61%
Greiðslumark	119.000.000	117.000.000	2.000.000	1,71%
Nýting greiðslumarks	8,17%	7,38%		
Landið janúar-sept:	2008	2007	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	96.660.129	95.432.678	1.227.451	1,29%

Vikuinnlegg síðustu 5 vikurnar:

Landið síðustu 5 vikur:	2008	2007	Mismunur	Hlutfall
37	2.236.810	2.191.102	45.708	2,09%
38	2.229.479	2.189.705	39.774	1,82%
39	2.194.255	2.175.672	18.583	0,85%
40	2.167.959	2.182.150	-14.191	-0,65%
41	2.161.483	2.164.013	-2.530	-0,12%
Samtals:	10.989.986	10.902.642	87.344	0,80%

Yfirlit mælinga hjá MS

Tímabil V/MM/ÁÁ-V/MM/ÁÁ	Fita	Prót	Kas.	Ffs.	Úre.	Fmk.	Líftala MFM	Frumut.	Frumut. MFM	Fjöldi
1/09/08 - 4/09/08	4.13	3.43	2.65	0.7	7.4	-0.542	18	277	257	2.767

Líftala í þúsundum hjá MS

% sýna í hverjum flokki miðað við líftölu						
Mánuður	0-40	0-75	0-400	401-600	601-3000	yfir 3000
September	87.53	95.30	99.35	0.22	0.40	0.04